

SAMÞYKKT

um hreinsun fráveituvatns og reglubundna losun, vinnslu eða förgun seyru í Grímsnes- og Grafningshreppi.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Með samþykkt þessari kemur Grímsnes- og Grafningshreppur á hreinsun fráveituvatns og reglubundinni losun, vinnslu eða förgun seyru úr rotþróum í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyrur.

Samþykkt þessi nær til allra fasteigna (íbúðarhúsnæðis, sumarbústaða, stofnana) og atvinnustarfsemi í Grímsnes- og Grafningshreppi. Samþykktin nær til rotþróa, set- og sand-skilja, fellitanka og olíu- og fitugildra.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands, í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Sveitarstjórn heldur skrá yfir rotþrær og settanka. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd verkefna samkvæmt þessari samþykkt. Þeir aðilar sem sjá um hirðu og meðhöndlun seyrur skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Jafnframt skal losunar- og hreinsitækni vera í samræmi við reglur heilbrigðisnefndar.

2. gr.

Sérhverjum húsráðanda og forsvarsmanni fyrirtækis eða stofnunar í Grímsnes- og Grafningshreppi er skylt að leiða fráveitu frá salernum, eldhúsum og þvottahúsum í rotþró af viðurkenndri stærð og gerð og siturleiðslu samkvæmt leiðbeiningum Umhverfisstofnunar og fyrirmælum heilbrigðisnefndar eða annan sambærilegan búnað. Samþykki heilbrigðisnefndar þarf fyrir nýjar og endurbættar fráveitur.

3. gr.

Losun seyrur og setefna skal að öllu jöfnu framkvæmd annað hvert ár við skóla, heilbrigðisstofnanir, matvælaframleiðslustaði, veitinga- og gistipjónustu og þriðja hvert ár við heimili og sumarhús. Fulltrúi sveitarfélagsins hefur yfirumsjón með verkinu og skal hann jafnframt vera tengiliður og sjá um samskipti við þá aðila sem annast verkefnin á hverjum tíma, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

4. gr.

Grímsnes- og Grafningshreppur sendir út tilkynningu árlega um hvenær seyrulosun fari fram. Sérhverjum húsráðanda er skylt að sjá til þess að aðgengi fyrir losunaraðila sé gott að rotþróum og settönkum. Heimil er notkun viðurkenndra gerla og ensíma til að auka virkni rotþróa.

II. KAFLI

Gjöld vegna hirðu og meðhöndlunar seyrur.

5. gr.

Sveitarstjórn er heimilt, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, að setja gjaldskrá, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar, til að standa undir kostnaði við seyruhirðu og meðhöndlun. Heimilt er að leggja gjöld þessi á hverja fasteign sem nýtur þjónustunnar. Gjöld skal miða við tíðni seyruhirðu og eftir aðstæðum, magn. Heimilt er að innheimta seyrugjöld

hjá fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt rúmmáli og/eða þyngd seyru eða öðru samkomu-
lagi við viðkomandi, heimilt er jafnframt að taka gjald vegna aukalosana. Gjöld mega aldrei
vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með
einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjald-
skránni skal vísa til þessarar samþykktar.

6. gr.

Sveitarstjórn flokkar gjaldendur samkvæmt gjaldskránni og eftir tíðni, umfangi og
magni seyru frá viðkomandi starfsemi eða fasteign. Sveitarstjórn er heimilt að veita undan-
þágu frá gjaldskrá þessari. Um slíkt skal sótt til sveitarstjórnar, sem fjallar sérstaklega um
hvert mál fyrir sig.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

7. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna seyruhirðu skal koma henni á framfæri við full-
trúa sveitarfélagsins eða Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

8. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og
mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum.

9. gr.

Samþykkt þessi, sem samin er af sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps, er sett
samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síð-
ari breytingum og tekur gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytinu, 17. janúar 2005.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

**um skrá Heilsustofnunar NLFÍ skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986
um kjarasamninga opinberra starfsmanna.**

Hjúkrunarfræðingar, í FÍH.	4,2 stg.
Sjúkraliðar, í SLFÍ.	4,2 stg.
Sjúkraþjálfarar, í SSPÍ.	2 stg.

Skráin öðlast gildi 1. febrúar 2005.

F.h. Heilsustofnunar NLFÍ, 14. janúar 2005.

Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri.